


1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs á fyrstu 10 mánuðum ársins 2018 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.


Rekstrarniðurstaða sviðsins var 5.631 mkr eða 560 mkr undir fjárheimildum tímabilsins eða um 9,1%.

Tekjur voru 3.227 mkr sem var 400 mkr yfir áætlun eða um 14,2%. Tekjur **bílastæðasjóðs** voru 187 mkr yfir áætlun, **byggingarfulltrúi** var 140 mkr yfir áætlun og **skipulagsfulltrúi** var 58 mkr yfir áætlun tímabilsins.

Laun og launatengd gjöld námu 2.024 mkr sem var 65 mkr undir fjárheimildum tímabilsins eða um 3,1%. Launakostnaður **bílastæðasjóðs** var 70 mkr undir fjárheimildum. Launakostnaður **skrifstofu samgangna** var 24 mkr yfir fjárheimildum á tímabilinu.

Annar rekstarkostnaður nam 6.834 mkr sem var 95 mkr undir fjárheimildum eða um 1,4%. Helstu frávikin voru vegna **reksturs gatna og opinna svæða** sem var 354 mkr yfir fjárheimildum, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu 244 mkr, hreinsun borgarlandsins 60 mkr og ýmislegt 32 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins. **Leiga gatnakerfis** var 191 mkr undir fjárheimildum. **Viðhald gatna** var 92 mkr undir fjárheimildum tímabilsins. **Bílastæðasjóður** var 83 mkr undir fjárheimildum, **byggingarfulltrúi** var 18 mkr undir fjárheimildum og **stefnumótun og greining** var 11 mkr undir fjárheimildum tímabilsins.

2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



| Rekstur USK (mkr) | Raun 2018 | Áætlun 2018 | Frávik | % |
|---------------------------|--------------|--------------|------------|-------------|
| Tekjur | 3.572 | 3.282 | 290 | 8,8% |
| Laun og launat. gj. | 1.410 | 1.538 | -128 | -8,3% |
| Annar rekstark. | 3.723 | 3.167 | 556 | 17,6% |
| Rekstrarniðurstaða | 1.561 | 1.423 | 138 | 9,7% |

Annar rekstarkostnaður var 3.723 mkr og reyndist 556 mkr yfir fjárheimildum eða um 17,6%. **Rekstur gatna og opinna svæða** var 359 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu 244 mkr, hreinsunar borgarlandsins 60 mkr og ýmislegt 32 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins. **Viðhald gatna og opinna svæða** var 89 mkr undir fjárheimildum. **Viðhald fasteigna** var 169 mkr yfir fjárheimildum og **ferlimál fatlaðra** voru 38 mkr undir fjárheimildum tímabilsins. **Útseld þjónusta** var 64 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði á fyrstu 10 mánuðum ársins í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 1.561 mkr en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 1.423 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því 138 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir eða um 9,7%.

Tekjur voru 3.572 mkr eða 290 mkr yfir áætlun sem jafngildir 8,8%. Tekjur vegna **rekturs gatna og opinna svæða** voru 359 mkr yfir áætlun, þar af voru 354 mkr (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) einkum vegna vetrarþjónustu og hreinsunar borgarlandsins. Tekjur af **viðhaldi gatna og opinna svæða** voru 89 mkr undir áætlun, þar af voru 92 mkr (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði). Tekjur af **útseldri þjónustu** voru 39 mkr hærri en áætlað var á tímabilinu.

Laun og launatengd gjöld voru 1.410 mkr sem var 128 mkr undir fjárheimildum eða um 8,3%. **Skrifstofa Framkvæmda og viðhalds** var 28 mkr undir fjárheimildum, **gatnadeild SFV** var 11 mkr undir fjárheimildum, **þjónustumiðstöð Stórhöfða** var 33 mkr undir fjárheimildum, **hverfastöð Njarðargötu** var 19 mkr undir fjárheimildum og **hverfastöð Jafnasel** var 20 mkr undir fjárheimildum tímabilsins.